

Ed.

81. Nefndarálit

um frv. til laga um breyting á lögum nr. 54, 30. júlí 1909, um stofnun vátryggingarfjelags fyrir fiskiskip (stjórnarfrv.).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefir athugað frumvarp þetta og orðið á eitt sátt um það, að ákvæði þess, svo langt sem þau ná, sjeu til bóta. Samanborið við frumvarp það, er sjávarútvegsnefnd bar fram í Nd. Alþingis 1917 og afgreitt var á því þingi með rökstuddri dagskrá, þess efnis, að stjórninni var falið að undirbúa málið, fer frumvarp þetta lengra sjerstaklega í því atriði að fella burt alla sjálfsábyrgð

og þá einnig að sjálfsgöðu gagnkvæma ábyrgð. Þessi breyting er að mörgu mjög ísjárverð, en hins vegar virðist trygt eftirlit og framkvæmd ákvæða 7. gr. laganna frá 1909, þegar veruleg ástæða liggur fyrir hendi, ætti að geta dregið úr þeirri hættu, sem af breytingu þessari stafar fyrir fjelagið.

Tvær breytingartillögur við frumvarpið vill nefndin bera fram, og er það gert til að leiðrjetta villur, sem munu hafa slæðst inn í frumvarpið, og er önnur þeirra prentvilla. Hin fyrri breytingartillaga við 5. gr. frv. miðar að því að nema burt ákvæðið um það, að tjón, sem eigi nemi 2% af váttryggingarupphæðinni, skuli ekki bætt nema eins standi á og um getur undir a-lið þeirrar greinar, enda sjest af athugasemdunum um þetta við frumvarpið, og forstjóri samábyrgðarinnar er sömu skoðunar, að þetta var og meining þeirra, er sömdu frumvarpið.

Nefndin hefði nú raunar óskað, að stjórnin hefði sjeð sjer fært að gera váttryggingarfjelag þetta viðtækara en ætlast er til eftir frumvarpinu, því ekki er hægt að neita því, að skip þau, er aðallega eru trygð í því og verða, ef frv. þetta verður að lögum, eru meiri hættu undirorpin en þau skip, hin stærri flutningaskip og botnvörpuskipin, sem tæplega munu þar trygð meðan fjelagið er ekki gert öflugra.

Nefndin leggur til við háttv. deild, að frumvarpið nái fram að ganga með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 5. gr. Staflíður a. orðist svo:

Tjón, er orsakast af því, að verðmæti hefir verið lagt í sölurnar af váttryggjanda hálfu til þess að komast hjá meira tjóni eða til að bjarga öðrum eigum, váttrygðum í Samábyrgðinni, endurgreiðist að fullu.

2. Við 7. gr. Fyrir »gerðardóm« komi:
gerðardómi.

Alþingi, 1. mars 1921.

Björn Kristjánsson,
form.

Karl Einarsson,
skrifari og framsm.

Einar Árnason.